

Sp. 323. Tillaga til þingsályktunar

varðandi notkun Kópavogshælis.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að veita limafallssjúklingum þeim, sem nú eru í Kópavogshæli, tryggingu fyrir því, að þeir fái þetta hæli til fullra og varanlegra afnota, með sama öryggi og þeim var ætlað að njóta í Laugarnesi samkvæmt fyrirætlum hinna erlendu mannvina, sem reistu þann spítala.

Greinargerð.

Fyrir nálega 20 árum varð ég þess vís, að sjúklingar í Laugarnesspítala nutu ekki að öllu leyti þeirrar aðbúðar, sem vænta mátti, eftir rausn þeirra, sem stofnsett höfðu þennan spítala. Voru þá að minni tilhlutun gerðar ýmsar umbætur á hífýlum og aðbúð sjúklinga þessara. Höfðu þeir áður haft blikkdiska og fleiri þess háttar tæki við borðhaldið, en ég lét þá fá í þess stað nægilega mikið af borðbúnaði frá Þingvalla-hátíðinni 1930, en hann var þá talinn beztur sinnar tegundar

hér á landi. Mynduðust á þennan hátt lausleg kynni milli mín og þessara sjúklinga. Hafa þeir þess vegna leyft mér að sjá afrit af bréfum, sem þeir hafa sent Alþingi og stjórn Oddfellowreglunnar hér á landi, þar sem þeir lýsa ugg sínum í sambandi við hugsanlegan hrakning þeirra frá Kópavogi. Það verður að telja óhugsanlegt, að forstöðumönnum heilbrigðismálanna kom til hugar að hrekja sjúklingana úr því hæli, sem þeim var fengið, þegar þeirra eigið lögtryggða heimili var brunnið í höndum erlendra hermanna. En sá ótti, sem hefur gripið sjúklingana í sambandi við umtal valdamanna í þessum efnunum, er ekki í samræmi við þá ró, sem þarf að ríkja á því líkum stað. Þess vegna er eðlilegt og sjálfsagt, að Alþingi geri í þessu efni fullar yfirbætur, og það verður ekki gert á annan hátt en þann, að þingið gefi landsstjórninni um þetta efni ákveðin fyrirmæli, sem veiti sjúklingunum fullkomið öryggi. Ef nú yrði hafizt handa um burtflutning sjúklinganna úr því hæli, sem þeim var var fengið fyrir Laugarnes, væri það hein brigðmælgí gagnvart Oddfellow-reglunni og mundi ekki standast fyrir dómstólum, en væri auk þess fáheyrt mannúðarleysi, sem fáir þingmenn vilja fremja. Annars skýra bréf sjúklinganna málið svo glögglega, að ekki er þörf að bæta þar við fleiri rökum.

Fylgiskjal I.

Kópavogshæli, 25. janúar 1948.

Við undirritaðir sjúklingar í Kópavogshæli leyfum okkur að senda Alþingi eindregin mótmæli gegn því, að við verðum flutt burtu frá þessum stað, meðan okkur endist aldur.

Svo sem alþjóð manna er kunnugt, urðu útlendir mannvínir til að reisa á Laugarnesi stærsta og fullkomnasta sjúkrahús, sem fram að þeim tíma hafði verið byggt hér á landi, og þeir gáfu þjóðinni þetta hús með því skilyrði, að þar skyldi vera lækninga- og griðastaður fyrir alla þá Íslendinga, sem sjúkir væru af limafallssýki. Hinir útlendu gefendur lýstu yfir, að þeir áskildu sér rétt til að ráðstafa Laugarnesspítala, eftir því sem þeim þætti við eiga, þegar enginn limafallssýki væri lengur til í landinu.

Okkur sjúklingunum leið eins vel og unnt var í Laugarnesspítala. Staðurinn var falletgur, nokkuð úr alfaraleið, og þó svo nærri höfuðborginni, að kalla mátti, að hún blasti við sjónum okkar. Svo kom stríðið. Útlendur her kom til landsins og tók spítalan með rétti hins sterka. Þá vorum við flutt hingað og því heitið, að þetta skyldi vera okkar heimili, meðan limafallssýki væri til í landinu. Okkur tók sárt að vera flutt frá Laugarnesi. Hvergi var okkur jafnhugstætt að vera eins og þar. En við væntum, þó að erlendur her hefði hrakið okkur frá löglegu og réttmætu heimili, þá mundu okkar eigin landar aldrei feta í fótspor hermanna.

Nú hefur okkur borizt sú fregn, að enn eigi að hrekja okkur héðan, eitthvað, við vitum ekki hvert. Okkur er sagt, að heilbrigðisstjórn sé tvívegis búin að biðja fjárveitinganefnd að mæla með miklu fjárframlagi úr ríkissjóði til að stækka þetta sjúkrahús og safna hingað öllum fávitum af landinu. Nú í vetur, skömmu fyrir jól, komu hingað þrír æðstu embættismenn heilbrigðismálanna, ráðherra, landlæknir og forstöðumaður ríkisspítalanna. Þetta var óvænt heimsókn. Við vorum því ekki vön, að þess háttar gestir kæmu til að skoða hælið í krók og kring. Litlu síðar komu frá stjórnarvöldunum menn til að mæla allar stofur í spítalanum. Þá sáum við, að ekki var um að villast. Það var verið að undirbúa að flytja okkur nauðungarflutningi í annað sinn.

Við sendum Alþingi þessa bænarskrá í þeirri von, að sú virðulega stofnun láti ekki verða alvöru úr þessum fráleitum áformum. Við erum haldin af einhverjum hættulegasta og þrálátasta sjúkdómi, sem mannkynið þekkir. Við höfum ekki fengið þennan sjúkdóm fyrir eigin tilverknað. En við erum dæmd til að bera þennan sjúkdómskross lengi, oft í áratugi. Aðstaða okkar til lífsins er önnur og erfiðari en allra annarra manna í landinu. Það þykir mikil hreysti, þegar hermenn horfast í

augu við dauðann á vígvöllum. En hvað er að segja um örlög þeirra manna, sem fá sýkina í bernsku, en ná háum aldri? Er það ekki mannaun? Okkur var raunverulega gefið Laugarnes til hjálpar í hágingum okkar. Við höfum verið svipt þessu hæli. Það brann og hefur ekki verið endurbyggt. Við okkur hefur verið gerður sáttmáli, fyrst um Laugarnes, sem var tekið án þess að innlend stjórnarvöld fengju við ráðið, og síðan um Kópavog. Nú virðist líka eiga að rjúfa þennan sáttmála og nota sér umkomuleysi okkar og vanmátt til að vernda augljós mannréttindi. Hópur okkar er að visu fámennur, og dagar okkar eru brátt taldir. Nálega helmingur sjúklinganna um áttætt. Sú yngsta er 46 ára.

Við vonum, að Alþingi leyfi okkur að bera beinin í þeim stað, sem þjóðfélagið afhenti okkur, þegar gjafaheimilið var tekið með valdi af útlendum her.

Héðan af eru ekki mörg ár eftir fyrir okkur, sem erum sjúklingar í Kópavogi.

Virðingarfyllt.

(Nöfn sjúklinganna.)

Fjárveitinganefnd Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

Kópavogshæli, 25. janúar 1948.

Við undirritaðir sjúklingar í Kópavogshæli höfum ástæðu til að óttast, að heilbrigðisstjórnin hafi í huga að flytja okkur héðan frá Kópavogi til einhvers, okkur ókunnugs staðar á Íslandi. Við álitum þetta samningsbrot, bæði gagnvart okkur og gagnvart Oddfellowreglunni, sem var gefandi Laugarnesspítalans. Við sendum Alþingi nuótmæli og leyfum okkur að heita á hjálp yðar í þessu efni. Við vitum, að forganga Oddfellowreglunnar í þessu efni hlýtur að mega sín mikils við stjórn landsins. Okkur finnst, að þessi ráðgerði flutningur sé átakanlegt brot á móti þeirri góðvild, sem Oddfellowreglan sýndi íslenzku þjóðinni, með því að gefa Laugarnesspítala til að útrýma limafallssýkinni úr landinu.

Við leyfum okkur að senda yður hjálagn afrit af mótmælalibréfinu til Alþingis.

Um leið og við vonum að njóta yðar mikilsverða stuðnings, eins og jafnan fyrr, þökkum við Oddfellowreglunni gamla og nýja vinsemd.

Virðingarfyllt.

(Nöfn sjúklinganna.)

Til stjórnar Oddfellowreglunnar, Reykjavík.